

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 11/2011.

Reykjavík, 1.04.2011

2011030441

Efni: Smádýr (mítlar) í poka með Hagver „blönduðum ávöxtum“.

Nathan & Olsen hf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla af markaði „blandaða ávexti“, merkta Hagver, með lotunúmerið LO246, þar sem í einum poka af vörunni fundust lifandi smádýr (mítlar). Innköllunin einskorðast við eftirfarandi vöru:

Vöruheiti: „Blandaðir ávextir“, merktir Hagver.

Nettóþyngd: 250 g.

Lotunúmer: LO246.

Strikanúmer: 5690582122990.

Best fyrir: September 2011.

Umbúðir: Poki.

Ábyrgðaraðili: Pakkað fyrir Nathan & Olsen hf., Klettagörðum 19, 104 Reykjavík.

Dreifing: Um land allt.

Þar sem í einum poka af vörunni fundust lifandi smádýr telst varan óhæf til neyslu og skal því öll lotan innkölluð í samræmi við ákvæði matvælalaga.

Þeir aðilar sem eiga umrædda vöru eru beðnir um að farga henni eða skila til Nathan & Olsen hf. Nánari upplýsingar veitir Jóhann Friðleifsson hjá Nathan & Olsen hf. í síma 530 8400.

